Reykjavíkurborg

Reykjavík, 6. desember 2023.
MOF22010007

Menningar-, íþrótta- og tómstundaráð
Borgartúni 12 – 14
105 Reykjavík

***Endurskoðun aðgerðaáætlunar menningarstefnu Reykjavíkurborgar 2021 - 2030***

Ný menningarstefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði þann 16. nóvember 2021. Ítarleg aðgerðaáætlun til ársins 2023 var unnin til að fylgja stefnunni eftir en þess ber þó að geta að nokkrar aðgerðir í áætluninni voru og eru ófjármagnaðar. Komið er að endurskoðun aðgerðaáætlunar og meðfylgjandi er yfirlit yfir stöðu aðgerða til kynningar. Næstu skref við endurskoðun aðgerðaáætlunarinnar væru síðan að uppfæra hana með tilliti til aðgerða, forgangsröðunar, ábyrgðaraðila, tímamarka o.fl.

Virðingarfyllst,

María Rut Reynisd.

María Rut Reynisdóttir
Skrifstofustjóri menningarborgar
*Menningar- og íþróttasviði*

Samrit:
Hjálagt:

# AÐGERÐIR

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 1.1 | Kynningarmál MOF | Miðlægt kynningarátak MOF unnið með viðeigandi skrifstofum borgarinnar. Sviðstjóri leggur fram kynningaráætlun vor 2022. | Forstöðumaður markaðsmála MOF | Breyttist allt með hugmyndum um sameiningu sviða og stofnun nýrrar Markaðsstofu Höfuðborgarsvæðisins. Það er spurning hvort verkefnið eigi enn við og þá með nýjum áherslum. |
| 1.2 | Menningarkort ungmenna | Stofna menningarkort fyrir 18-25 ára, sambærilegt við menningarkort fyrir eldri borgara, greitt einu sinni lágmarksgjald og gjaldfrjáls endurnýjun. Skoðað í samhengi við rafvæðingu menningarkorts. | Forstöðumaður markaðsmála MOF | Í bið. Þessa aðgerð þarf að ræða aftur og sérstaklega í samhengi við MÍR-kortið sem nú er í vinnslu. Skilgreina þarf nýjan ábyrgðaraðila. |
| 1.3 | Stafrænt menningarkort | Menningarkortið gert stafrænt. | Forstöðumaður markaðsmála MOF | Í gangi. Verkefni unnið í samstarfi við ÞON en eftir sameiningu sviða er vinnuheitið MÍR-kortið. Nokkrir fundir hafa átt sér stað. BBS er með stafrænt kort í gegnum landskerfi bókasafna en það vantar strikamerki. Hafa þarf samráð við menningarstofnanirnar við undirbúning verkefnis. |
| 1.4 | App fyrir menningu og listir | Greining á umfangi og kostnaði á einu appi fyrir alla menningu og listir í Reykjavík. Sem gagnast öllum söfnum, Bókmenntaborg, Tónlistarborg og er með öllum viðburðum og öðrum áhugaverðum upplýsingum sem tengjast menningu og listum í Reykjavíkurborg. | Stafrænn leiðtogi og forstöðumaður markaðsmála MOF | Könnun gerð á vegum ÞONsins 2022 um app. Niðurstaðan var sú að Rvk-borg ætti ekki að fara í app. Verið er að bæta Hvirfilinn og gera nýjan framendan fyrir fristund.is. Fáum bráðum virkni þar sem hægt er að sækja viðburði eftir hverfum. Verður á framenda Rvk-borgar. Mætti líka endurskoða með tilkomu Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og hvort svona verkefni gæti verið unnið þar. SHH er í samtali um stafræna lausnir og kannski mætti taka þetta samtal á þeim vettvangi. Breyta þarf ábyrgðaraðilum sem geta verið stafrænn leiðtogi og skrifstofustjóri menningarmála. |
| 1.5 | Ungmenni á menningarstofnunum | Skoða þátttöku og hversu vel er komið til móts við ungmenni (13-18 ára) í menningarstofnunum borgarinnar. Kortleggja hvað er til, gera þarfagreiningu og aðgerðaáætlun. Skoða út frá mögulegu auknu samstarfi við framhaldsskóla. | Verkefnastjóri barnamenningar og forstöðumenn stofnana | Bókunarkerfið til staðar og þátttaka mæld í BSC. Vantar tíma og fjármagn til að vinna úr upplýsingum og greina. Skoða sumarstarfsmann / háskólanema í verkefnið. Hafa í huga samstarf við Hitt húsið. |

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 1.6 | Barnarými á menningarstofnunum | Gera skal ráð fyrir barnarýmum og unnið að úrbótum í þeim efnum þegar verið er að endurhanna eða byggja nýtt húsnæði fyrir menningu og listir. | Sviðsstjóri | BBS: Ekkert barnarými er í endurnýjun hjá bókasöfnunum en þörf á að fara yfir þau og bæta. BSS: Sérstök rými helguð börnum í Aðalstræti, á Sjóminjasafni, víða á Árbæjarsafni og í Viðey (skólinn). Helst vöntun á sérstöku slíku rými á Ljósmyndasafni í Grófarhúsi. |
| 1.7 | Barnamenningarhús | Gerð þarfa- og fjármagnsgreining á stofnun Barnamenningarhúss | Sviðsstjóri | Ábending frá verkefnastjóra barnamenningar er að jafnvel ætti að horfa frekar til þess að efla barnastarf núverandi stofnana áður en farið er í að skoða Barnamenningarhús. Hins vegar er vel hægt að fara í þarfa- og fjármagnsgreiningu. Taka þarf ákvörðun um hvort þessi aðgerð eigi enn að vera í forgangi eða ekki, |
| 1.8 | Listræn Barnamenningarhátíð | Efla listrænt vægi Barnamenningarhátíðar með viðbótar fjárheimild, öflug listræn stjórnun og framleiðsla á listviðburðum. Áfram lögð áhersla á þátttöku fjölbreytts hóps barna óháð uppruna, efnahags og búsetu í borginni, með það að markmiði að ná sem best til fjölskyldna sem upplifa sig fyrir utan menningarlíf borgarinnar | Verkefnastjóri barnamenningar | Ófjármagnað. Fjármagn kom ekki inn 2023. Fjármagn til Barnamenningarhátíðar hefur rýrnað að raungildi og mikill kostnaður fer í Hörpu. Halda þarf hugmyndinni áfram á loftið. Spurningin er hvort áhersla sé á að nýta fjármagnið í að bóka listafólk eða greiða laun listræns stjórnanda. Athugasemd frá verkefnastjóra barnamenningar er að mikill listrænn metnaður sé lagður í Barnamenningarhátíð nú þegar. Til að byrja með mætti taka saman og greina kostnað við hátíðina og hversu hátt hlutfall kostnaðar fer til listafólks. |
| 1.9 | Skólaheimsóknir á söfn og sýningar | Endurskoða barnastarf safna út frá hvaða árgöngum og skólum er boðið sýningar, sníða prógramm þvert á stofnanir í samræmi við aðalnámskrá sem kemur til móts við alla árganga í nærumhverfi barna óháð aðgengi eða fjarlægð frá stofnunum. | Verkefnastjóri barnamenningar og forstöðumenn stofnana | Mætti skoða í samhengi við aðgerð 1.5 og nýta sumarstarfsmann sem MÍR og SFS geta jafnvel nýtt saman. |
| 1.10 | Frístundakortið fyrir listnám | Frístundakortið er lykilatriði í að jafna aðstöðu barna að listnámi óháð efnahag. Menningar, íþrótta- og tómstundaráð skal taka tillit til listnáms í sérverkefnum sem snúa að frístundakorti. | MÍT | Umræða og greining á verkefni sem þarf að taka á vettvangi MÍT |
| 1.11 | Varðveisluhúsnæði menningarverðmæta | Geymsluhúsnæði fyrir Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn reist og varðveislumálum safnkosts komið í gott horf til framtíðar. Þarfagreining gerir ráð fyrir 2000m$^2$ sameiginlegri geymslu BSS og LR. | MÍT | LR og BSS bæði komin fyrir vind. En ekki lausn til frambúðar og vissulega ekki sameiginlegt húsnæði. |

## AÐGERÐIR

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 1.12 | Menning og listir í borgarvefsjá | Stofna til samtals við ábyrgðaraðila borgarvefsjár um útvíkkun á hlutverki hennar svo hún þjóni íbúum sem upplýsingatól um menningu og listir í borgarlandinu. Greining á umfangi og kostnaði sett fram. Dæmi um upplýsingar sem gætu átt heima í borgarvefsjá eru ljóðakort, útvarpsþættir um hverfi í samstarfi við RÚV, útilistaverk o.fl. | Stafrænn leiðtogi MOF | Borgarvefsjá er í þróun og verið er að vinna þekjur inn í hana sem sýna menningarhús í borgarlandinu og fleira áhugavert fyrir borgarbúa. Hér spurning hvort ekki þurfi að bæta skrifstofustjóra menningarmála við sem ábyrgðaraðila í samtarfi við stafrænan leiðtoga MÍR |
| 2.1 | Stefna Borgarbókasafns | Stefnu safnsins viðhaldið og hún uppfærð. | Forstöðumaður Borgarbókasafns | Núverandi stefna rennur út 2024. Ný stefna í undirbúningi. Tilbúin næsta haust. |
| 2.2 | Endurgerð Grófarhúss | Grófarhús endurgert við Tryggvagötu og tengt viðbyggingu þannig að Grófarhúsið verði lifandi menningar- og samfélagshús í miðborginni með fjölbreyttu barnastarfi og fróðleiksheimi fyrir gesti á öllum aldri. | Innan græna plansins | Verkefnið felst í hönnun á Grófarhúsi í samræmi við vinningstillögu hönnunarsamkeppni 2022, samþykkt af borgarráði 29.06.2023. Skrifað verður undir hönnunarsamning þann 13. des 2023. Forsamningur um notendasamráð uppfylltur og hægt að byrja á fullnaðarhönnun samkvæmt marksamningi um leið og skrifað er undir. |
| 2.3 | Stefna Bókmenntaborgar | Endurskoða drög að stefnu Bókmenntaborgar frá 2019 og leggja fyrir MÍT. Aðgerðaáætlun með kostnaðarmati, tímasetningum, mælikvörðum um árangur og ábyrgðaraðilum unnin upp úr stefnunni og lögð fyrir MÍT. | Teymi Bókmenntaborgar | Verkefni var á dagskrá haustið 2023 en vegna anna hjá menningarborgarteymi hefur því verið frestað og hefst þá á vorönn 2024. |
| 2.4 | Stefna Borgarsögusafns | Gerð stefna fyrir Borgarsögusafn og aðgerðaáætlun með kostnaðarmati, tímasetningum, mælikvörðum um árangur og ábyrgðaraðilum unnin upp úr stefnunni og lögð fyrir MÍT. | Forstöðumaður Borgarsögusafns | Stefnumótun lokið og innleiðing í gangi. |
| 2.5 | Stefna fyrir Viðey | Stefna fyrir Viðey endurskoðuð. | Forstöðumaður Borgarsögusafns | Á fundi MÍT 24. nóv 2023 var lögð fram að nýju greinargerð starfshóps frá árinu 2021 um Framtíðarsýn um Viðey. Sviðsstjóra og forstöðumanni BSS falið að taka þær áherslur sem þar koma fram og vinna þær áfram. |
| 2.6 | Ný sýning í Aðalstræti 10 | Ný sýning opnuð í Aðalstræti 10 sem grunnsýning Borgarsögusafns tengd við Landnámssýningu | Forstöðumaður Borgarsögusafns | Verkefni lokið. |
| 2.7 | Stefna Listasafns Reykjavíkur | Stefnu safnsins viðhaldið og uppfærð. | Forstöðumaður LR | Vinna í gangi. Samtölum og samráði lokið. Textavinna framundan. |

# AÐGERÐIR

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 2.8 | Endurgerð Hafnarhúss | Hafnarhús endurnýjað með stærri og bættri aðstöðu fyrir Listasafn Reykjavíkur, nýrri aðstöðu fyrir Ljósmyndasafn Reykjavíkur og aðstöðu fyrir nýtt safn Nínu Tryggvadóttur. | Innan græna plansins | Í bið. |
| 2.9 | Stefna Tónlistarborgar | Unnin stefna fyrir Tónlistarborgina Reykjavík og hún lögð fyrir MÍT. Aðgerðaáætlun með kostnaðarmati, tímasetningum, mælikvörðum um árangur og ábyrgðaraðilum unnin upp úr stefnunni og lögð fyrir MÍT. | Teymi Tónlistarborgar | Verkefni var á dagskrá haustið 2023 en vegna anna hjá menningarborgarteymi hefur því verið frestað og hefst þá á vorönn 2024. |
| 3.1 | Fjölbreytileiki í kynningarmálum | Tryggja að fjölbreytileiki sé sýnilegur í öllu kynningarefni menningarstofnana og annarra verkefna menningar- og ferðamálasviðs. | Forstöðumaður markaðsmála MOF og forstöðumenn stofnana. | Hér þarf að breyta ábyrgðaraðila sem vinnur með söfnunum þar sem staðan Forstöðumaður markaðsmála MOF er ekki lengur til. Athugasemdir frá BBS: Mikil fjölbreytni í verkefna og viðburðaframboði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytileika og jaðarhópa og ólíkum leiðum beitt til að ná til sem flestra hópa. Heimasíða og kynningarefni bæði á ísl. og ensku. |
| 3.2 | Fjölbreytileiki í ráðningum og starfshópum | Horft er til þess að fjölbreytileiki endurspeglist í ráðningum og skipun í starfshópa sem eru í umsjá menningar- og ferðamálasviðs. | Mannauðsstjóri MOF | Hér þarf að breyta ábyrgðaraðila í mannauðsstjóra MÍR |
| 3.3 | Regnbogavottun | Allar menningarstofnanir Reykjavíkur klára innleiðingu regnbogavottunar. | Mannauðsstjóri MOF | Allar menningarstofnanirnar komnar með vottunina. Hálf skrifstofan með vottunina (ÍTR-hlutinn) en halda þarf fræðslu fyrir MOF starfsfólk. Breyta ábyrgðaraðila í Mannauðsstjóra MÍR. |
| 3.4 | Bæta stöðu fatlaðs listafólks | Gera úttekt og aðgerðaáætlun í samvinnu við mannréttindaskrifstofu á stöðu fatlaðs listafólks. Listnám, sýningartækifæri og að byggja upp feril í listum. | Innleiðingarstjóri menningarstefnu í samvinnu við mannréttindaskrifstofu | Breyta ábyrgðaraðila í skrifstofustjóra menningarborgar í samvinnu við mannréttindaskrifstofu. Þetta gæti verið tilvalið verkefni fyrir nema. |
| 3.5 | List án landamæra | SAMEINA VIÐ 3.4 Stutt við rekstargrundvöll Listar án landamæra. Stofnað til samtals við velferðarsvið, mannréttindaskrifstofu, Öryrkjabandalagið og aðra hagsmunaaðila um sameiginlegt fast framlag til hátíðarinnar. | Innleiðingarstjóri menningarstefnu í samvinnu við mannréttindaskrifstofu | Breyta ábyrgðaraðila í skrifstofustjóra menningarborgar í samvinnu við mannréttindaskrifstofu. Hér mætti skoða aðkomu Hins hússins og framlag þeirra til hátíðarinnar. |

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 3.6 | Jaðarsettir og viðkvæmir hópar í dagskrá menningarstofnana og viðburða | Gerð úttekt á rými og sýnileika jaðarsettra og viðkvæmra hópa í dagskrá menningarstofnana og viðburða Reykjavíkur. Skoðað hvort og hvernig þurfi að bregðast við. | Innleiðingarstjóri menningarstefnu í samvinnu við forstöðumenn | Hér mætti skoða að nýta nema í sumarstarf í þessa greiningarvinnu. |
| 4.1 | Tökum höndum saman | Átak í aðgengismálum í sem víðustum skilningi í Listasafni Reykjavíkur og Borgarsögusafni. Verkefnateymi á vegum safnanna kemur á samstarfi við fjölbreytta hópa og samtök með það fyrir augum að fækka hindrunum, s.s. menningarlegum, efnahagslegum, tungumálalegum, andlegum og líkamlegum. | Forstöðumenn LR og BSS | BSS og LSR fengu styrk til að koma verkefninu á fót. Styrktíma lokið en áfram verður unnið í anda verkefnisins (það er orðið fast í sessi). Borgarbókasafnið er einnig að vinna í anda þessarar aðgerðar og uppfæra heimasíðu í takt við það - verkefnið er í vinnslu þar. |
| 4.2 | Samtalsgátt og þátttökuverkefni | Samtalsgátt og þátttökumiðuð verkefni á Borgarbókasafni (nánari aðgerðir í stefnu BBS). | Forstöðumaður BBS | Samtalsgátt komin í notkun 2022<br>Athugasemdir frá BBS: Unnið hefur verið að verkefnum sem miða að samtali og þátttöku. Tvö ný eða endurbætt þjónustuverkefni voru innleidd og amk sex þátttökuverkefni haldin á söfnunum |
| 4.3 | Borgaratorg í Borgarbókasafni | Auka aðgengi íbúa að upplýsingum í sínu nánasta umhverfi, stytta leiðir og bjóða upp á aðstoð við að nálgast þjónustu borgarinnar (nánari aðgerðir í stefnu BBS). | Forstöðumaður BBS | Athugasemdir frá Guðrúnu Lilju:<br>Notendasamráð var haldið í samvinnu við arkitektateymi í febrúar 2023. Nafni borgartorgs breytt í samfélagstorg eftir notendasamráð. Áætlað er frekara notendasamráð 2024 |
| 4.4 | Fræðsla til sjálfstæðu senunnar um aðgengi, inngildingu, sjálfbærni og menningarstefnu | Fræðsla til skapandi framleiðanda og sjálfstætt starfandi listafólks sem fær stuðning frá Reykjavíkurborg um markmið menningarstefnunnar, innleiðingu gátlista mannréttindastefnu og sjálfbærnimarkmiða. | Skrifstofustjóri menningarmála | Tengist aðgerð 4.8. Aðgerð er í vinnslu og stefnt er að því að þessi gögn verði send á þau sem fá styrki núna í byrjun árs 2024. |
| 4.5 | Fræðsla og stuðningur um menningarstyrki | Veittur er stuðningur og fræðsla um hvernig hægt er að sækja um styrki til borgarinnar. Sérstaklega er horft til að styðja við þá sem tilheyra viðkvæmum og jaðarsettum hópum sem þurfa stuðning t.d. vegna reynsluleysis, tungumáls eða þroskaskerðingar. | Skrifstofustjóri menningarmála | Beðið var með að ýta verkefninu úr vör á meðan notast var við gömlu styrkjagáttina sem var meingölluð. Nú hefur fyrsti fasi nýrrar styrkjagáttar verið tekinn í notkun og ekki var talið ákjósanlegt að hefja fræðsluna fyrr en innleiðing styrkjagáttarinnar er lengra á veg komin. Skoða hvort við hæfi sé að kynna formlega nýja styrkjagátt næsta haust og koma þjónustu og stuðning við viðkvæma og jaðarsetta hópa í farveg. |

# AÐGERÐIR

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 4.6 | Endurskoðun á styrkjum til menningarmála | Styrkir til menningarmála endurskoðaðir út frá athugasemdum úr samráði um menningarstefnu. | Skrifstofustjóri menningarmála | Verkefnið er í vinnslu en mótun nýrrar styrkjagáttar hefur haft áhrif á það, t.a.m. hvort umsóknir geti verið ólíkar eftir málaflokkum (sem ekki er boðið upp á núna). Skrifstofustjóri menningarborgar, formaður BÍL og sviðsstjóri MÍR hafa verið í virku samtali um þær athugasemdir og ábendingar um menningarstyrki sem komu fram við gerð nýrrar menningarstefnu. Sú vinna verður nú dregin saman og kynnt fyrir MÍT sem þarf að taka afstöðu til þess sem þar kemur fram svo hægt sé að halda vinnunni áfram. Einnig hefur verið lögð áhersla á að hækka almenna styrkjapott MÍT til menningarmála og slík hækkun sem nú er ljóst að verður mun hafa áhrif á þessa aðgerð og þá möguleika sem í henni felast, |
| 4.7 | Umbætur á umsóknarkerfi styrkja | A. Gera þarfagreiningu og umbætur á umsóknarvef og upplýsingum um styrki á vef. Skoða út frá markmiðum menningarstefnu, aðgengi ólíkra hópa, nothæfi og gagnasöfnun.<br>B. Safna greinandi gögnum um styrkþega, athuga hver er útundan og vinna aðgerðaáætlun til að ná betur til þeirra hópa. | Innleiðingarstjóri menningarstefnu í samvinnu við stafrænan leiðtoga | Styrkjagáttin er komin inn á Mínar síður Rvk-borgar. Fyrsta fasa er lokið og fasi 2 hefst í jan 2024 þar sem styrkjareglur verða endurskoðaðar í samræmi við nýja gátt og fyrir styrkjaúthlutun 2024 verður gáttin ítruð. |
| 4.8 | Gátlisti og leiðbeiningar um aðgengi og inngildingu á viðburðum | Klára gátlista vegna skipulagningu viðburða út frá mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem stofnanir, viðburðir og borgarhátíðir nýta. Aðgengilegt öllum og sent á þau sem fá styrk frá borginni. | Skrifstofustjóri menningarmála í samvinnu við mannréttindaskrifstofu | Aðgerð í vinnslu og stefnt er að því að þessi gögn verði send á þau sem fá styrki núna í byrjun árs 2024. |
| 5.1 | Tjáningarfrelsi listafólks | Borgin leggur áfram áherslu á að þrengja ekki að tjáningarfrelsi listafólks. | MÍT og sviðsstjóri | |
| 5.2 | Fagálit við val á list | Kjörnir fulltrúar leita ávallt eftir fagáliti við val á list í þeim verkefnum og stofnunum sem borgin styrkir eða rekur. | MÍT og sviðsstjóri | |
| 6.1 | Sanngjörn laun listafólks | Menningarstofnanir borgarinnar borga listafólki sanngjörn laun. | Forstöðumenn stofnana | Ekki skoðað markvisst en BSS er að skoða hvort og hvernig það getur fallið í þennan flokk, líkt og Llistasafn Reykjavíkur. |

# AÐGERÐIR

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 6.2 | Samstarf við rannsóknarstofnanir | Byggðar skýrari brýr við rannsóknarstofnanir og háskóla til stuðnings rannsóknum á menningu og listum í Reykjavík. Stofnað til samtals við rannsóknarmiðstöðvar og háskóla sem sinna málefnum menninga og lista. | Sviðsstjóri | Skoða þessa aðgerð sérstaklega í samhengi við aðrar aðgerðir í þessari aðgerðaráætlun sem kalla á greiningarvinnu og gæti verið útvistað til rannsóknarstofnana, svo sem Rannsóknarmiðstöð skapandi greina. |
| 6.3 A | Hús í biðstöðu A-hluti | Komið verði á fót tímabundnum verkefnarýmum fyrir listræn verkefni til úthlutunar á sanngjörnu verði í húsnæði Reykjavíkur sem eru í biðstöðu. Skoða fordæmi í Gufunesi, Skerjafirði og Bryggjuhverfi og setja upp kerfi sem auðveldar ferlið. | Skrifstofustjóri menningarmála | Verkefni á vegum MÍR ekki hafið en samtöl hafa átt sér stað við eignaskrifstofu. Mörg svona verkefni eru í gangi á þeirra vegum og þar hefur vantað upp á samtal og samstarf. Spurning hvort hér væri nær að efla samtalið á milli aðila innan borgarinnar en að hefja nýtt verkefni inni á MÍR. |
| 6.3 B | Hús í biðstöðu B-hluti | MOF stendur fyrir samtali við fasteignafélög um nýtingu ónýtts húsnæðis í og við miðborgina fyrir tímabundna list- og menningarstarfsemi. Sett upp kerfi sem er auðvelt og aðlaðandi fyrir bæði húsnæðiseigendur og listafólk. | Skrifstofustjóri menningarmála | Verkefni ekki hafið en hugmyndin oft verið rædd. Hér þarf að búa til hvata fyrir fasteignafélög því það getur verið mikil vinna og utanumhald að koma tímabundinni menningarstarfsemi inn í húsnæði. Lækkun fasteignagjalda hefur oft verið nefnt sem mögulegur hvati en það kallar á lagabreytingu sem myndi heimila það. |
| 6.4 | Viðburða- og vinnustofurými í hverfum | Kortlagning á dreifingu, fjölda, stærð og aðstöðu listrýma í borginni með það að markmiði að styðja betur við listafólk. Rými fyrir viðburðahald úti og inni og vinnustofurými. Skoða vel dreifingu milli listgreina og rými fyrir grasrót og ungt listafólk. Gera uppbyggingaráætlun í samvinnu við viðeigandi hverfaráð og ungmennaráð. | Innleiðingarstjóri menningarstefnu | Tengist aðgerð 6.4. Vinna hófst með samtölum við formenn fagfélaga í listum og menningu. Samantekt úr þeim samtölum liggur fyrir en taka þarf upp þráðinn aftur. Breyta þarf ábyrgðaraðila verkefnisins í skrifstofustjóra menningarborgar og við hæfi væri að skoða hvort nemi í sumarstarfi gæti farið í þessa úttekt. |
| 6.5 | Skapandi þorp í Gufunesi | Áframhaldandi uppbygging skapandi þorps í Gufunesi. | Innan græna plansins | |
| 6.6 | Listamiðstöðin Korpúlfsstöðum | Listamiðstöðin á Korpúlfsstöðum efld og innviðir bættir. | MÍT og sviðsstjóri | Stefnumótun að hefjast um listamiðstöð á Korpúlfsstöðum. Verið að stofna starfshóp. |

# AÐGERÐIR

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 7.1 | Samtalsvettvangur hátíða | Skapa samtalsvettvang fyrir hátíðir með samstarfssamninga. | Skrifstofustjóri menningarmála | Fyrsti fundur haldinn í desember 2023 og þá einungis með borgarhátíðum til að ræða þennan sameiginlega vettvang og markmiðið með honum. Gert ráð fyrir tveimur fundum á ári - einn bara með borgarhátíðum og annar með öllum hátíðum með samstarfssamning. |
| 7.2 | Verklagsreglur viðburða | Verklagsreglur mótaðar og skilgreind ábyrgð á viðburðum Reykjavíkur, með tilliti til m.a. nýtingu á borgarlandi, mögulegri mótun verkfærakistu viðburða og markmiðum menningarstefnu. | Viðburðateymi MOF | Vinna hafinn. Það er verið að gera úttekt á borgarlandinu og í framhaldi verða gerða verklagsreglur og ferlar mótaðir. Gátlistar í vinnslu í samstarfi við skrifstofu menningarborgar. |
| 7.3 | Myndlistarþríæringur | Þríæringur í Listasafni Reykjavíkur verður regluleg myndlistarhátíð sem varpar ljósi á öflugt myndlistarlíf borgarinnar. Áhugaverð sköpunarverk listafólks sem starfar í borginni verða sett í samhengi við alþjóðlega myndlist. Hátíðin verður snemma á árinu og dregur þannig fram sérstöðu Reykjavíkur sem norðlægrar borgar. | Forstöðumaður LR | Ófjármagnað verkefni. |
| 8.1 | Útilistaverk | Aukið fjármagn fyrir útilistaverk í umsjón Listasafns Reykjavíkur til að fjölga og bæta umsjón með þeim. | MÍT | Ófjármagnað verkefni. |
| 8.2 | Listir og menning í nýjum hverfum, grænum svæðum og leikvöllum | Stofna vinnuhóp MOF og USK um sýnileika lista og menningar í borgarlandslaginu við uppbyggingu nýrra hverfa, grænna svæða og leikvalla. | Sviðstjóri MOF og USK | Ekki hafið. |
| 9.1 | Menning íbúa í hverfum | Úttekt á menningarstarfsemi borgarinnar í hverfum. Samtal við menningarhús, stjórnendur hverfamiðstöðva, íbúaráð og mannréttindaskrifstofu um styrki til hverfa. Þarfagreining og aðgerðaáætlun unnin út frá þeim samtölum með það markmið að auka stuðning við staðbundna hverfamenningu. Skoðað að stofna til verkefnisins Pop-up list í borgarlandinu. | Innleiðingarstjóri menningarstefnu | Tengist aðgerð 6.4. Vinna hófst með samtölum við formenn fagfélaga í listum og menningu. Samantekt úr þeim samtölum liggur fyrir en taka þarf upp þráðinn aftur. Breyta þarf ábyrgðaraðila verkefnisins í skrifstofustjóra menningarborgar og við hæfi væri að skoða hvort nemi í sumarstarfi gæti farið í þessa úttekt. |

| Dálkur1 | AÐGERÐ - heiti | AÐGERÐ - lýsing | Ábyrgð | Athugasemdir / Staða |
|---|---|---|---|---|
| 9.2 | Upplýsingar um viðburðarými í borgarlandinu | Birta á aðgengilegan hátt hvar aðstaða fyrir viðburðahald og aðra list og menningu er í hverfum, grænum svæðum, leikvöllum og öðrum almannarýmum. Upplýsingar um hvernig aðstaðan er og hvernig er hægt að panta hana eða leigja. | Viðburðateymi MOF og stafrænn leiðtogi MOF | Í vinnslu sá hluti aðgerðar að gera úttekt á aðstöðu fyrir viðburðahald í borgarlandinu en ekki farið strax að greina „list og aðra menningu.“.<br><br>Að hluta til tengist þetta aðgerð 6.4 (viðburða- og vinnustofurými í hverfum) þannig að gæta þarf að samstarfi við skrifstofustjóra menningarmála og fá upplýsingar úr þeirri aðgerð þegar þessar upplýsingar verða birtar á aðgengilegan hátt. Spurning hvort stafrænn leiðtogi SBB eigi einnig að koma inn í þetta verkefni. Og svo þarf að skoða vel hvar hentugast er að birta þessar upplýsingar. |
| 9.3 | Viðburðarými á bókasöfnum og frístundamiðstöðvum | Aðstaða bókasafna og frístundamiðstöðva borgarinnar kynnt enn betur sem viðburðarými sem standa íbúum til boða. | BBS og SFS | BBS hefur markvisst unnið að því að kynna rými þar sem notendur skipuleggja viðburði sjálfir. |
| 9.4 | Endurskoðun á 17. júní | Endurskoðun á 17. júní, skoða sérstaklega að færa hátíðina meira út í hverfi borgarinnar með sér einkennum hvers hverfis. Skoðað í samhengi við Menningarnótt og hvort skerpa megi á sérstöðu þessara hátíða. | Skrifstofustjóri menningarmála og viðburðateymi MOF | Þessi aðgerð hefur ekki verið fjármögnuð. Fjárveiting til 17. júní getur ekki dekkað þetta. Viðburðateymið hefur flaggað þessu á hverju ári frá 2022. Ábyrgð á skipulagningu 17. júní er alfarið á höndum viðburðateymis á SBB svo hér þarf að breyta ábyrgð. |
| 10.1 | Græn skref og umhverfismarkmið menningarstofnana | Allar menningarstofnanir Reykjavíkur klára innleiðingu grænna skrefa og gera umhverfis- og sjálfbærniáætlanir. | Forstöðumenn stofnana | BBS búið. Listasafn og Borgarsögusafn ætla að fá sérfræðing til að vinna með þeim að heimsmarkmiðunum. Listasafnið vinnur að grænum skrefum og umhverfismarkmiðum, starfsmenn hafa sótt alþjóðlegar ráðstefunur safna um sjálfbæri og umhverfisvitund. Safnið tekur þátt í alþjóðlegu verkefni framleiðenda á sviði menningar Green Producers Club sem vinnur að þróun vistsporabókhaldskerfi á sviði menningar. |
| 10.2 | Umhverfismarkmið og gátlisti um sjálfbærni viðburða | Viðburðir Reykjavíkur setja sér um umhverfismarkmið og eru fyrirmyndir fyrir aðra viðburði og hátíðir sem haldin eru í borginni. Gátlisti eða leiðbeiningar unnar um sjálfbærni viðburða í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið. | Viðburðateymi MOF | Vinna í gangi. |